

LEIÐBEININGARIT UM TOLLUN FRUMGERÐA OG SYNISHORNA

FYRIR HÖNNUÐI, HÖNNUNARFYRIRTÆKI
OG TIL UPPLÝSINGA FYRIR TOLLVERÐI



Hönnunarmiðstöð
Iceland Design Centre

Hönnunarmiðstöð Íslands, apríl 2014

Unnið af Soffíu Theodóru Tryggvadóttur, verkefnastjóra hjá Hönnunarmiðstöð með stuðningi frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti í samstarfi við hönnunarfyrirtækin Farmers Market, KronKron, Tulipop, Igló, Ella, Freebird, Steinunn, Tollstjóraembættið og hraðflutningsfyrirtækin DHL, IceTransport, Express og TNT.

Innihald

4 *Inngangur*

5 **Skilgreiningar hönnuða til Tollstjóra**

6 *Frumgerð*

7 *Sýnishorn*

8 *Ósöluhæf sýnishorn*

8 *Endanleg/tilbúin framleiðsluvara*

8 *Ferli fatahönnunar*

9 **Skilgreiningar Tollstjóra til hönnuða**

10 *Sýnishorn og frumgerðir*

10 *Reikningar*

11 *Pro forma reikningar*

11 *Tollkrít*

12 *Ósöluhæf vara*

12 *Viðeigandi skilgreiningar úr Tollalögum*

13 **Tollamál**

14 *Tollun sýnishorna og frumgerða í dag*

14 *Lausnir í boði*

15 *Tímabundinn innflutningur*

17 *Tollvöruheymsla*

18 *Fríverslunarsamningar*

19 *CIF/DAP afhendingarskilmálar*

20 **Samantekt**

21 *Viðauki 1: Reglugerð 630/2008, um ýmis tollfríðindi*

22 *Viðauki 2: Tollalög 2005 nr. 88 18. maí*

Inngangur

Á undanförunum árum hafa átt sér stað miklar umræður meðal hönnunarfyritækja á Íslandi um tollun frumgerða og sýnishorna. Hönnunargeirinn hefur vaxið undanfarin ár, sérstaklega fata- og vöruhönnun, sem er meðal annars afleiðing af stofnun hönnunardeildar innan Listaháskóla Íslands árið 2002, bættu stuðningsumhverfi og efnahagskreppunni þegar áhersla og áhugi á íslenskri framleiðslu og hönnun jókst verulega. Samhliða þessum breytingum hefur innflutningur íslenskrar hönnunarvöru aukist til muna. Þar af leiðandi hafa samskipti við tollinn aukist og tollun frumgerða og sýnishorna orðið flóknari.

Helsta vandamálið sem aðstandendur hönnunarfyritækja rekast á hjá tollinum er að margir tollverðir skilja ekki starfsemi hönnunarfyritækja og tilgang frumgerða og sýnishorna. Þeir vantreysta upplýsingum sem fylgja pökkum frá framleiðanda þar sem fram kemur að þeir innihaldi sýnishorn og frumgerðir, og gera ráð fyrir að hönnunarfyritæki séu mögulega að fara framhjá kerfinu. Frumgerðir og sýnishorn frá framleiðanda koma jafnan inn á núllvirði eða lágu virði og er það tiltekið á pro forma reikningum, sem tollverðir taka stundum ekki mark á. Frumgerðir og sýnishorn eru ekki söluvara heldur vinnugögn hönnuða sem fela í sér kostnað en engar tekjur. Slík vinnugögn eru jafnvel send margsinnis milli framleiðanda og hönnuðar, sem er afar kostnaðarsamt og hækkar verð til neytanda sérstaklega er gögnin eru tolluð í hvert sinn. Þetta gerir litlum hönnunarfyritækjum erfitt fyrir og hindrar vöxt þeirra, og þar af leiðandi tekjusköpun fyrir íslenskt þjóðarbú.

Aðstandendur hönnunarfyritækja þurfa traust og stuðning frá ríkinu. Í samþykktri hönnunarstefnu stjórnvalda (febrúar 2014) kemur fram markmið um að „bæta samkeppnisáðstæður fyrirtækja á sviði hönnunar á Íslandi“. Þar skulu atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið, skattayfirvöld, Tollstjóraembættið og Hönnunarmiðstöð taka höndum saman um að auka möguleika íslenskra hönnunarfyritækja á að efla útflutning. Til að ná því markmiði þarf að yfirfara regluverkið sem snertir fyrirtæki á sviði hönnunar og endurskoða löggjöf er varðar innflutning á frumgerðum og sýnishornum. Hér er því kominn vettvangur fyrir vinnu að breytingum á tollun frumgerða og sýnishorna sem myndi léttu miklu álagi af rekstri hönnunarfyritækja á Íslandi.

Fyrri hluti þessa leiðbeiningarits er ætlaður hönnuðum og til upplýsinga fyrir tollverði. Hann inniheldur skilgreiningar sem auðvelda tollvörðum að átta sig á verkferlum hönnuða og skilgreiningar frá Tollstjóra sem hönnuðir sem standa í innflutningi þurfa að þekkja. Seinni hluti ritsins fjallar um ríkjandi fyrirkomulag tollunar sýnishorna og frumgerða. Þá er farið yfir þær aðferðir sem í boði eru fyrir hönnunarfyritæki til að minnka útlagðan kostnað við aðflutningsgjöld.

Skilgreiningar hönnuða til Tollstjóra

Hér verður farið yfir mikilvægustu skilgreiningar tengdar innflutningi á frumgerðum og sýnishornum. Mikilvægt er að tollverðir geri sér grein fyrir ferli hönnunar og vinnunni sem liggur að baki frumgerða og sýnishorna. Fatahönnun er hér tekin sérstaklega fyrir þar sem fyrirtæki á því sviði innleysa á ári hverju margfalt fleiri frumgerðir og sýnishorn en t.a.m. vöruhönnunarfyrirtæki.

Framleiðslustig hönnunarvöru eru þrjú

- **Frumgerðir vöru eða hluti vöru**
- **Sýnishorn**
- **Tilbúin/endanleg vara**

Innflutningur á hönnunarvöru ætti að hljóta mismunandi tollafgreiðslu eftir framleiðslustigi, m.a. vegna þess að sýnishorn á vöruþróunarstigi og frumgerðir fela í sér kostnað en skapa engar tekjur.

Frumgerð

Frumgerð (prototype) nýrrar hönnunarvöru er vara á vöruþróunarstigi og hvorki hæf til endursölu né notuð sem sýnishorn til að selja. Hún hefur enn fremur ekkert viðskiptalegt gildi (no commercial value). Líkja má frumgerðum við vinnuteikningar. Framleiðsla frumgerða er einungis hluti af ferlinu við að útbúa vöru til almennrar sölu. Frumgerð getur verið hluti vöru, til dæmis litaprufa eða tillaga að sniði eða formi sem enn er í vinnslu, og er hún send milli hönnuðar og framleiðslufyrirtækis til að nálgast þá endanlegu vöru sem hönnuður sér fyrir sér að verði framleidd. Margar frumgerðir komast aldrei í framleiðslu. Verðmæti þeirra er óverulegt eða ekkert. Frumgerðir fela í sér kostnað en skapa engar tekjur. Í langflestum tilfellum greiðir hönnuður ekki fyrir frumgerð vöru á þróunarstigi. Yfirleitt er samið um verð á framleiðsluvöru eftir að vinnslu frumgerða er lokið. Þar skiptir ekki máli þótt aðeins hluti þeirra fari á endanum í framleiðslu.

Upplýsingar um frumgerð til Tollstjóra frá hönnuðum:

Frumgerðir eru unnar úr efnum sem til eru hjá framleiðanda. Þau geta verið mörgum gæðaflokkum neðar en þau efni sem notuð verða í endanlega framleiðsluvöru.

Þær geta jafnframt verið í allt öðrum lit en varan í sinni endanlegu mynd. Þess vegna er ógerningur að meta raunvirði frumgerðar innar, og ekki raunhæft að meta það út frá virði endanlegrar framleiðsluvöru. Frumgerðir eru einskis virði.

Hönnuðir selja ekki frumgerðir því að það hefði verulega slæm áhrif á vöruferki þeirra; það gæti jafnvel orðið því að falli.

Frumgerðir af einni útgáfu af vöru geta borist hönnuðum sex sinnum og jafnvel oftar. Það er gert til að athuga hvort breytingarnar sem hönnuðurinn bað um að gerðar væru á vörunni hafi gengið í gegn. Aðflutningsgjöld sem greidd eru margoft af frumgerðum eru einungis kostnaður fyrir hönnunarfyrirtæki.

Sýnishorn

Sýnishorn (*sample*) er hönnunarvara á lokastigum vöruþróunar. Hún hefur ekkert viðskiptalegt gildi (*no commercial value*). Hún lítur að mestu leyti út eins og endanleg vara en er engu að síður ekki gerð til endursölu. Um getur til dæmis verið að ræða stærðarsýnishorn (*size sample*), frumframleiðslusýnishorn (*pre-production sample*), sölumannasýnishorn (*salesman sample*) eða framleiðslusýnishorn (*top sample/shipment sample*). Sýnishorn eru eingöngu notuð til prófunar, sölukynningar og markaðssetningar. Oft eru pöntuð fleiri en eitt eintak af sýnishorni vöru og send mismunandi söluaðilum erlendis þar sem kaupendur koma og skoða þau. Sýnishorn koma aldrei í magnsendingum og enginn flytur inn eina hönnunarflík í nafni fyrirtækis til endursölu.

Á sýnishorn sem enn er í vinnslu (*á vöruþróunarstigi*) á ekki að leggja raunvirði framleiðsluvöru þar sem um er að ræða ófullgerða vöru — vinnugagn — og alls ekki söluvöru. Kostnaður við vöruþróun reiknast inn í kostnaðarverð endanlegrar vöru.

Ef aðstandendur hönnunarfyrirtækis hyggjast selja sölumannasýnishorn á Íslandi skulu þeir, samkvæmt lögum, greiða af þeim. Séu sölumannasýnishorn seld er það einungis eftir að framleiðslulínan er úrelt og nýjar vörur komnar í sölu. Ef þau eru seld (sem gerist sjaldnast) er það á verulega niðursettu verði miðað við framleiðslulínuna sjálfa.

Meðal alþjóðlegra framleiðanda tíðkast að láta pro forma reikninga fylgja frumgerðum og sýnishornum þar sem virði er áætlað 1-20 bandaríkjadalir á hvert eintak innan sendingar.

Upplýsingar um sýnishorn til

Tollstjóra frá hönnuðum:

Sýnishorn getur litið út eins og fullbúin vara en sem dæmi geta ermar verið of stuttar eða þröngar sem veldur því að það er sent aftur út til framleiðanda, ásamt athugasemdum varðandi það sem laga þarf.

Til að sanna að sending innihaldi sýnishorn geta hönnuðir sent tollvörðum teikningar og myndir, auk mynda úr sölubæklingi. Að hálfu ári liðnu, þegar framleiðsluvaran berst til landsins, geta hönnuðir látið tollverði vita að framleiðsluvaran sé komin og hún tolluð á réttu verði. Það sýnir tollvörðum samhengið milli sýnishorna og framleiðsluvöru.

Hönnunarfyrirtæki geta flutt inn 500 eintök af vöru í einni sendingu, merkt sem framleiðsla, og 12 eintök í annarri sendingu, merkt sem sýnishorn, allt í sömu vikunni. Það ætti að gefa tollvörðum vísbendingu um að söluvara viðkomandi fyrirtækis sé ekki flutt inn í litlu magni. Stærðarsýnishorn eru flutt inn til landsins í öllum stærðum hvernar útgáfu vöru (s.s. small, medium, large og x-large) til að athuga samræmi milli stærða og til mátunar áður en ákveðið er hvort framleiða skuli sýnishornið.

Sýnishorn berast yfirleitt á síðustu stundu. Hönnunarfyrirtæki geta þannig tekið á móti þeim á miðvikudegi, farið með þau í myndatöku á fimmtudegi og farið með þau á sýningu erlendis á föstudegi. Oft er verið að keppa við tímann og erfitt fyrir hönnuði að standa í tímafrekum viðræðum við Tollinn við þær aðstæður.

Ósöluhæf sýnishorn

Um leið og frumgerðir eða sýnishorn eru gerð ósöluhæf þjóna þau yfirleitt ekki tilgangi sínum lengur. Um er að ræða vinnugögn hönnuða og þau þurfa að líta óaðfinnanlega út til að ganga í augu mögulegra kaupenda. Þess vegna má alls ekki skemma þau með götun eða öðrum hætti.

Frumgerðir og sýnishorn eru oft endursend til framleiðanda, sem vinnur í frumgerðinni eða lagar sýnishornið og sendir síðan aftur til Íslands. Sem dæmi: Ef stærðarsýnishorn þrjónavöru er klippt eða gatað raknar það upp, stærðin aflagast og ekki er lengur hægt að máta það til að kanna stærðina. Ef solumannasýnishorn er gatað eða klippt er það ekki sýningarhæft. Ef tilvonandi kaupendum er sýnd vara sem búið er að eyðileggja þá dregur það úr trausti þeirra til hönnunarfyrtækisins.

Endanleg framleiðsluvara

Endanleg vara er sú vara sem samþykkt hefur verið til framleiðslu og fer í sölu hjá hönnunarfyrtækinu eða öðrum smásölum. Sendingar koma í mismunandi stærðum, að lágmarki nokkur eintök í hverri stærð og hverjum lit. Raunvirði á reikningi endanlegrar framleiðsluvöru er verksmiðjukostnaður.

Ferli fatahönnunar

Aðstandendur hönnunarfyrtækis byrja á að finna framleiðanda þegar fara á út í framleiðslu. Í upphafi þarf hönnuður að prófa og sjá með eigin augum gæði framleiðslu nýs framleiðanda til að meta hvort samstarf komi til greina. Því fær hönnunarfyrtæki send sýnishorn sem eru dæmi um fyrri framleiðslu framleiðanda. Þau sýnishorn eru öll innan eðli starfsemi hönnunarfyrtækisins sem þau fær setningin sem breytt var í hefur ekki sömu merkingu ég er því hér að breyta til baka. Hönnunarfyrtæki getur fengið sýnishorn vöru sem er ekki í sama flokki/eðlis og framleiðsluvara fyrirtækisins ef það vill t.d. útvíkka vöruúrval.

Velti fyrir mér hvort breytingin hafi komist til skila. Finnst nýja setningin segja það sama og sú fyrri. Í upphafi framleiðsluferlis ákveðinnar vörutegundar eru framleiðanda sendar teikningar hönnuðar. Framleiðandi hefst þá handa og sendir því næst frumgerðir til hönnuðar, jafnvel nokkrum sinnum til þess að geta komist að niðurstöðu varðandi efni, garn, saumaskap, gæði framleiðslu og fleira. Þegar búið er að hanna þessa nýju vöru og komið er sýnishorn sem hönnuður er sáttur við fær hann meðal annars send stærðarsýnishorn og litasýnishorn. Mikilvægt er að bera saman allar stærðir og einnig meta hvernig litirnir koma út á heilli flík. Í framhaldi af þeim leiðréttingum sem þörf krefur berast hönnuðinum fleiri eintök til að senda endursöluaðilum og fara með á sýningar. Jafnan er framkvæmt gæðaeftirlit á framleiðslu sem senda á til landsins. Þá er tekið eitt eintak (top sample) af hverri útfærslu í sendingunni og allt sent til Íslands. Hönnuður þarf að samþykkja eða hafna eintökunum og senda þau strax til baka. Framleiðslufyrirtækið gerir því næst samanburðarkönnun á samþykktum eintökum og eintökum teknum af handahófi úr sendingunni. Standist hún skoðun er hún loks send af stað til Íslands. Í framhaldi af þessu ferli fer varan í framleiðslu og kemur inn til landsins á raunvirði í almennan innflutning þar sem aðflutningsgjöld eru greidd.

Skilgreiningar Tollstjóra til hönnuða

Til þess að hönnuðir skilji betur hvað felst í starfi tollvarða eru hér skilgreind helstu hugtök sem skipta máli við tollun sýnishorna og frumgerða. Tollverðir starfa eftir mjög þröngum lagaramma og verða að uppfylla ákveðna skilmála við tollun sendinga. Mikilvægt er fyrir aðstandendur hönnunarfyrtækja að gera sér grein fyrir því og reyna að vinna með tollvörðum að því að bæta vinnubrögð til að auðvelda tollun frumgerða og sýnishorna. Frágangi á sendingum er oft ábótavant en með betri merkingum og reikningum ætti tollun sýnishorna og frumgerða að verða auðveldari.

Sýnishorn og frumgerðir

Í dag eru sýnishorn og frumgerðir ekki aðgreindar á reikningum sendinga. Mikilvægt er að hönnuðir láti skrifa á meðfylgjandi reikninga hvers konar sýnishorn sé í pakkanum (sölumannasýnishorn, framleiðslusýnishorn o.s.frv.). Ef um er að ræða frumgerð ber að merkja hana sem slíka en ekki sem sýnishorn. Það auðveldar tollinum að meta sendinguna. Ekki er nóg að hafa merkingar inni í sendingunni.

Tollurinn hefur ekki yfirlit yfir þær sendingar sem hönnuðir fá, hvort sem um er að ræða framleiðslu eða sýnishorn. Tollverðir skoða mjög lítinn hluta af þeim sendingum sem berast. Ekki er því hægt að ætlast til þess að tollverðir geti borið saman tvær sendingar sem koma til landsins frá sama hönnunarfyrtæki — þeir hafa ekki samanburð. Sendingar gætu þess vegna hafa komið inn í landið á mismunandi stöðum, svo sem Keflavík eða Reykjavík, og hjá fleiri en einu hraðflutningsfyrtæki.

Reikningar

Reikningur (vörureikningur) skal fylgja öllum sendingum. Við innflutning, og þá sérstaklega tímabundinn innflutning, er mjög mikilvægt að reikningar séu mjög nákvæmir til að samanburður á reikningi og vörum geti átt sér stað. Athugið að reikningar geta innihaldið merkinguna Value for Customs Purposes Only. Það á ekki einungis við um pro forma reikninga (sjá næsta kafla).

Reikningurinn þarf að vera vel frágenginn, trúverðugur og samkvæmur innihaldi sendingar. Samræmi þarf að vera milli sendingar og uppgefinna upplýsinga á reikningi, svo sem vöru og verðs á reikningi, og magni í sendingu og uppgefnu magni á reikningi. Ef reikningur er á sérstöku bréfsefni frá viðkomandi framleiðanda verður hann enn meira traustvekjandi.

Illu gerðir reikningar eru helsta ástæða þess að vörur hönnunarfyrtækja tefjast í Tollinum. Því er mikilvægt fyrir aðstandendur hönnunarfyrtækja að passa upp á að sendandi/framleiðandi útbúi vandaða reikninga. Spara má tíma og peninga með því að gera þetta rétt frá upphafi, ásamt því að traust skapast meðal tollvarða í garð þeirra.

Því ítarlegri sem pappírarnir sem fylgja sendingunni, þeim mun auðveldara er að afgreiða hana. Samkvæmt leiðbeiningum frá Tollinum eiga eftirfarandi atriði að koma fram á vörureikningi til að hann standist allar kröfur:

- Nafn og heimilisfang kaupanda (sá aðili er stundum annar en viðtakandi)
- Útgáfustaður og útgáfudagur
- Númer reiknings
- Magn hvernar vörutegundar
- Tegundir umbúða
- Greinargóð lýsing skal vera á vörunni (svo að hægt sé að auðkenna hana aftur ef hún er flutt inn tímabundið)
- Söluverð hvernar vörutegundar og sú mynt sem verð hennar er tilgreint í
- Heildarverðmæti varningsins sem reikningurinn inniheldur
- Skýrt skal vera uppgafið í hvaða gjaldmiðli reikningurinn er gefinn út
- Upplýsingar um hvaðan varningurinn kemur upprunalega, það er að segja framleiðsluland

- Brúttó- og nettóþyngd fyrir þann varning sem tilgreindur er á reikningnum og verið er að senda
- Undirskrift
- Greiðsluskilmálar, greiðsluskilyrði og afhendingarskilyrði, afsláttur og annar frádráttur sem og ástæður fyrir því að afsláttur er veittur og afdráttur er gerður.

Pro forma reikningar

Pro forma reikningar, einnig kallaðir viðskiptareikningar, eru ekki eiginlegir reikningar. Þeir eru einungis gerðir fyrir Tollinn þegar Value for Customs Purposes Only á í hlut. Sömu reglur gilda fyrir pro forma reikninga og venjulega vörureikninga og skal hann innihalda sömu upplýsingar og sá, fyrir utan að á honum stendur Pro Forma Invoice í stað Invoice. Pro forma reikningur er ekki alltaf tekinn gildur af tollayfirvöldum. En sé hann mjög vel gerður eftir öllum reglum, og trúverðugur, eru miklar líkur á að hann fari í gegn. Það er því háð mati hvort hann sé tekinn gildur.

Í Tollalögum, 28. gr. Fylgiskjöl með aðflutningsskýrslum lið 1. Vörureikningur stendur:

Viðeigandi fylgiskjöl skulu afhent Tollstjóra í þeim tilvikum þegar aðflutningsskýrsla er skrifleg: Frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu. Þrátt fyrir ákvæði 1. máls. er Tollstjóra heimilt að taka gildan pro forma reikning eða viðskiptareikning í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún er augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi [...]

Samkvæmt Tollstjóra samþykkja þeir pro forma reikninga sem innihalda Value for Customs Purposes Only þegar sendar eru frumgerðir og sýnishorn merkt No Commercial Value þar sem þær hafa ekki fengið endanlegt verð. Pro forma reikningar henta oft vel þeim framleiðendum sem reyna að komast undan greiðslu útflutningstolla í sínu landi. Þeir sleppa gjarnan að senda reikninga — eða senda ranga reikninga — sem kemur innflytjandanum á Íslandi í vandræði. Pro forma reikningar frá framleiðendum komast þannig hjá útflutningstollum í landi framleiðanda og gefa Tollinum á Íslandi upp virði sendingar.

Í flestum tilvikum dugir ekki að láta pro forma reikning fylgja þegar vara er tekin inn í tímabundinn innflutning.

Tollkrít

Tollkrít er greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum í ákveðinn tíma, t.d. tvo mánuði. Miðað er við ýmist við þann tímamark er varan kemur til landsins eða þegar hún er leyst út úr tolli. Aðflutningsgjöldin, eða tollurinn, eru lánuð, hugsanlega gegn tryggingum sem fyrirtækin leggja fram. Viðurlög eru við vanskilum.

Ósöluhæf vara

Hönnunarfyrirtæki getur tekið inn ótakmarkað magn vöru aðflutningsgjaldalaust sé hún gerð ónothæf sem almenn verslunarvara. Innflytjandi skal sjálfur gera vöruna ósöluhæfa eða gefa öðrum leyfi til að gera það í sínu umboði.

Hægt er að komast að samkomulagi við tollverði um aðferðir við að gera vöru ósöluhæfa. Notast hefur verið við gatanir, klippingar og tússun. Tollverðir eru opnir fyrir nýjum aðferðum sem koma til móts við hönnuði. Athugið að tollverðir gera sendingu aldrei ósöluhæfa heldur er það í verkahring viðtakanda, eða að hann veitir einhverjum umboð til þess, í mörgum tilfellum tollmiðlara. Í slíkum tilfellum er varan gerð ósöluhæf undir eftirliti tollvarða.

Viðeigandi skilgreiningar úr Tollalögum

Skilgreiningar úr Tollalögum - 2005 nr. 88 18. maí. I. kafli. Almenn ákvæði.

1. gr. Orðskýringar.

Í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eru eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

1. Aðflutningsgjöld og útflutningsgjöld: Tollur og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru við inn- eða útflutning.

4. Embætti tollstjóra: Sú stofnun sem fer með stjórn tollamála samkvæmt lögum þessum, m.a. tollheimtu og tollefirlit, og er falið að framfylgja öðrum lögum og stjórnvaldsreglum sem varða innflutning, umflutning og útflutning á vörum.

11. Hraðsendingar: Sendingar sem fluttar eru hingað til lands með flugi, fyrir milligöngu tollmiðlara, í samvinnu við erlend hraðflutningafyrirtæki.

18. Tollafgreiðsla vöru: Þegar tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru til nota innan lands eða til útflutnings.

22. Tollskjöl: Tollskýrsla og önnur skjöl sem láta ber í té við tollafgreiðslu eftir því sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.

24. Tollur: Gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá.

25. Tollverð: Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.

29. Vara eða sending: Hver sá hlutur sem tollmeðferð getur hlotið samkvæmt tollskrá.

31. Vörsluábyrgð: Ábyrgð á vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

32. Vörsluhafi: Einstaklingur eða lögaðili sem fer með vörslu ótollafgreiddrar vöru samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Tollamál

Mestur hluti vöru sem íslenskir hönnuðir hanna og selja er fluttur inn erlendis frá. Flutningskostnaður, tollur og virðisaukaskattur setja stórt strik í reikninginn hjá hönnunar-fyrirtækjum sem staðsett eru á Íslandi. Innflutningur er kostnaðarsamur og stuðningur við íslenska hönnunargeirann með minnsta móti. Með breytingum á tollun íslenskrar hönnunavöru væri hægt að styðja vel við hugvitsgeira sem er á uppleið.

Innflutningi hönnunavöru til Íslands má skipta í fjóra hluta

- **Innflutning á frumgerð vöru**
- **Innflutning á sýnishorni vöru**
- **Innflutning á tilbúinni vöru – vara kemur til landsins og er seld hér**
- **Innflutning á tilbúinni vöru – vara kemur til landsins og fer aftur út**

Samkvæmt tollalögum, III. kafla, 3. gr. Almenn tollskylda, er „hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga [...] tollskyldur, sbr. þó 4. gr., og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.“

Tollun á innfluttri tilbúinni vöru sem seld er hér á landi hefur gengið vel fyrir sig og með vel gerðum reikningum ættu hönnunarfyrirtæki ekki að lenda í neinum vandræðum með að flytja inn tilbúna vöru. Í þessum kafla er tekin fyrir tollun á innfluttum sýnishornum og frumgerðum.

Tollun sýnishorna og frumgerða í dag

Í tollalögum, IV. kafla, 6. gr. Tollfrjálsar vörur, liður 11.a) er tekið fram að eftirfarandi vörur séu tollfrjálsar: „Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.“ Þá er reglugerð um ýmis tollfríðindi 630/2008, VIII. kafli, 41. gr. lögð til viðbótar við tollalögin og bætir eftirfarandi við lið 11. a) „Eftirtaldar vörur eru undanþegnar aðflutningsgjöldum við innflutning: 1. Sýnishorn verslunarvara [...] að verðmæti allt að kr. 5000, enda beri sendingin með sér að um sé að ræða sýnishorn vöru. Þó skal slík vara undanþegin aðflutningsgjöldum þótt uppgæfið verðmæti sé meira, hafi varan verið gerð ónothæf sem almenn verslunarvara.“

Þegar sendingar eru á leið til landsins forskráir tollmiðlari hverja sendingu og gerir bráðabirgðaskýrslu sem fer til tollvarða. Tollmiðlari þarf að setja inn sérstakan kóða ef taka á sýnishorn til sértollmeðferðar. Það er því skjalagerð tollmiðlara sem ræður því hvort tollverðir sjái að sending innihaldi sýnishorn eða ekki. Tollverðir hjá hraðflutningsfyrirtækjum fara í gegnum farmskrá á morgnana, ákveða hvað þeir ætla að skoða og velja ákveðið hlutfall til vöruskoðunar. Ef þeir skoða sýnishornasendingar athuga þeir fyrst og fremst hvort um sé að ræða fullunna vöru, hálfkláraða vöru eða efnisbúta. Samþykkt sýnishorna flokkast undir sértollmeðferð en þá þurfa tollverðir að taka pakkann inn og stimpla pappíra sem staðfesta að um sýnishorn sé að ræða. Þeir mega ekki taka reikninga undir 5.000 krónum og afgreiða sem sýnishorn nema þeir hafi raunverulega skoðað vöruna og samþykkt sem sýnishorn. Þeir þurfa að fullvissa sig um að ekki sé á ferðinni framleiðsluvara og taka ákvörðun út frá því sem við þeim blasir þegar skera skal úr um hvort greiða eigi af sendingu eða ekki.

Sýnishorn eru ekki alltaf flokkuð sem slík og hönnuðir greiða því oft aðflutningsgjöld fyrir frumgerðir og sýnishorn þó að þau séu merkt þannig og séu undir 5.000 króna markinu. Skilyrði er að pakki sé merktur sem sýnishorn en hönnuðir geta valið milli tveggja leiða til að tryggja að sending sem merkt er sem sýnishorn sé raunverulega tekin til tollmeðferðar sem slík.

1. Hafa samband degi áður en pakki kemur.

- Vilji aðstandendur hönnunarfyrtækis láta vita fyrir fram að pakki sé á leiðinni, eða gefa upp einhverjar upplýsingar um væntanlega sendingu, skal senda vefpóst á hraðflutningsfyrtækin¹ Þá er hægt að láta Tollinn vita strax af því og tollverðir taka það þá til hliðsjónar. Dæmi: Hönnuður veit að hann á von á sýnishornasendingu og sendir tilkynningu í tölvupósti um að ákveðin sending sé væntanleg á tiltekinni dagsetningu. Hann tekur fram að sendingin innihaldi sýnishorn og biður vinsamlegast um að hún verði tekin til tollskoðunar. Þá verður Tollurinn við þeirri beiðni. En svo er alltaf háð samþykki Tollsins hvort varan fær að fara í gegn sem sýnishorn og án greiðslu aðflutningsgjalda þar sem sýnishornin eru gerð ósöluhæf eða ef það þarf að greiða gjöldin en þá komast sýnishornin heil til hönnunarfyrtækis.

2. Ef bílstjóri sem kemur með pakka til hönnunarfyrtækis krefst greiðslu, er hægt að neita að taka við pakka sem ekki hefur verið tekinn til tollmeðferðar sem sýnishorn. Þá er bílstjóri látinn taka hann til baka til tollmeðferðar sem sýnishorn.

- Ef hönnunarfyrtæki er í tollkrít þá fær fyrtækið ekki rukkun við afhendingu og getur þar af leiðandi ekki vitað hvort pakkinn hafi farið í gegnum tollmeðferð sem

¹ DHL: sv@dhl.com, Express (UPS): tollafgreidsla@express.is, IceTransport (Fedex): icetransport@icetransport.is, TNT: tnntollafgreidsla@postur.is.

- sýnishorn nema með því að hringja í tollafgreiðsludeild hraðflutningsfyrirtækis.
- Ef tekið er við pakkanum og hann opnaður reynist mjög erfitt að færa sönnur fyrir því að innihaldinu hafi ekki hafi verið breytt sérstaklega sé lýsing á reikningi ekki nægilega nákvæm.
 - Ef tekið er við pakkanum og hann ekki opnaður, og hringt er í hraðflutningsfyrirtækið samdægurs, má biðja þá um að senda bílstjóra til að sækja pakkann.
 - Ef hönnunarfyrirtæki lætur ekki vita samdægurs þegar pakkinn kemur gæti þurft að greiða aftur fyrir tollafgreiðslu sem þýðir að mikilvægt er að láta vita strax. Það fer allt eftir því hvort sending hafi hlotið fullnaðarafgreiðslu í tolli þ.e. verið skuldfærð. Ef svo er, þarf viðtakandi að greiða fyrir aðra tollafgreiðslu til þess að fá gjöldin bakfærð. Ekki er innheimt fyrir leiðréttingu ef viðtakandi hefur samband áður en fullnaðarafgreiðsla fer fram. Fyrir vörusendingu undir 500.000 krónum gefa hraðflutningsfyrirtæki viðtakanda alltaf tvo daga eftir komudag vöru og klára fullnaðarafgreiðslu á þriðja degi.

Ef sending festist í Tollinum skal senda tölvupóst á hraðflutningsfyrirtækin². Með því móti er hægt að fá allar upplýsingar um það sem gera þarf til að leysa hana út.

Lausnir í boði

Nokkrar lausnir eru í boði fyrir hönnunarfyrirtæki til að minnka útlagðan kostnað við aðflutningsgjöld. Þar má nefna tímabundinn innflutning, sem felur í sér að fyrirtæki getur fengið sendingu inn tímabundið án þess að greiða aðflutningsgjöld. Þá er tollvöru-geymsla lausn og aðferð fyrir fyrirtæki til að geyma vörur og taka út eftir þörfum og þar með fresta greiðslu aðflutningsgjalda þangað til að þörf er á tiltekinni vöru. Ísland hefur gert fríverslunarsamninga við fjölda landa þar sem tollur á sendingum fellur niður ef réttar upplýsingar koma fram á reikningi. Að lokum eru það CIF/DAP afhendingarskilmálar þar sem fyrirtæki getur nýtt sér betri samningsstöðu framleiðslufyrirtækis á flutningskostnaði til að lækka útlagðan kostnað.

Tímabundinn innflutningur

Tímabundinn innflutningur (deponering) er auðveldari í orði en á borði fyrir aðstandendur hönnunarfyrirtækja. Skilyrði fyrir tímabundnum innflutningi er að gögnin á bak við sendingar séu mjög nákvæm þannig að hægt sé á auðveldan hátt að bera saman vörurnar sem eru á leið út úr landinu og pappírana sem fylgdu með við innflutning. Ef gögnin eru rétt og hönnunarfyrirtæki er með tollkrít tekur tímabundinn innflutningur enga stund. Annars tekur ferlið örlítið lengri tíma, eða einn sólarhring að jafnaði.

Þegar sending sem hönnunarfyrirtæki hyggst senda aftur út kemur til landsins er möguleiki á að nýta tímabundinn innflutning. Þá þarf að biðja tollmiðlara hjá hraðflutningsfyrirtæki um bráðabirgðaafgreiðslu degi áður en pakki kemur til landsins. Möguleiki er einnig á að rita fyrirmæli um tímabundinn innflutning á reikninginn sem fylgir með sendingu. Stærð sendingar skiptir ekki máli þegar þessi leið er farin. Sé fyrirtæki með tollkrít er framkvæmd bráðabirgðaafgreiðsla og aðflutningsgjöldin hengd við opið vsk-númer

² DHL: is.stopp@dhl.com Express (UPS): stopp@express.is, IceTransport (Fedex): icetransport@icetransport.is, TNT: konradj@postur.is.

fyrirtækis en þau eru ekki skuldfærð. Ef viðtakandi er ekki með tollkrít þegar varan kemur til landsins þarf hann að leggja inn á reikning hjá tollmiðlara alla upphæðina fyrir aðflutningsgjöldum, auk 25% álagningar³ sem bíður þar inni þangað til að varan er farin úr landi og búið er að gera upp tímabundna innflutninginn. Almenna reglan er sú að sendingu í tímabundnum innflutningi er leyft að vera á landinu í 20 daga en strax við innflutning er hægt að sækja um framlengingu. Sending má að hámarki vera á landinu í ár en leggja þarf fram skýringu á því hvers vegna þess er þörf. Þegar vara fer aftur úr landi þarf hún að gangast undir útflutningsskoðun. Vara í tímabundnum innflutningi má ekki hafa breytt eðli sínu hér á landi, þ.e. hlotið þannig aðvinnslu að hún hafi breytt um tollflokk. Hönnunarfyrirtæki má heldur ekki hafa aflað tekna af vörunni áður en hún er send aftur úr landi.

Útflutningsskoðun er sértækt ferli sem óska verður sérstaklega eftir. En fjögur atriði ber að hafa í huga:

- Gæta þarf að því að útflutningsgögn stemmi við innflutningsgögn hvað varðar þyngd og verðmæti. Athugið að sending í tímabundnum innflutningi getur verið send aftur úr landi í nokkrum hlutum.
- Hönnunarfyrirtæki skal fylla út eyðublað E14⁴ og láta fylgja með sendingunni til að ljúka formlega tímabundna innflutningstímabilinu.
- Pakkarnir eru sóttir af bílstjóra þegar þeir eru sendir aftur til útflutnings. Láta skal bílstjórann sérstaklega vita að viðkomandi sending skuli vera útflutningsskoðuð.
- Senda skal tölvupóst⁵ á hraðflutningsfyrirtæki og óska eftir tollskoðun með farmbréfsnúmeri sendingar fyrir kl. 15.00 daginn sem sending er sótt.

Þegar sending er útflutningsskoðuð tekur Tollurinn hana til hliðar og getur hún þannig tafist í einn dag. Fer það alveg eftir því hvenær tollmiðlari kemur með vöruna til skoðunar. Innihald sendingar er skoðað og borið saman við pappírana sem komu upphaflega með sendingunni. Ef ekki er látið vita fer sendingin út kvöldið sem hún er sótt og engin skoðun framkvæmd.

E14 útflutningsskoðunarbeiðnin er lögð fram til að loka tímabundna innflutningnum og þá eru gjöld gerð upp á núlli. Ef varningurinn sem verið er að senda úr landi stenst ekki skoðun skuldfærast öll gjöldin á raunvirði á viðtakanda/sendanda.

Þegar sending er tekin inn í tímabundnum innflutning er gríðarlega mikilvægt að reikningar⁶ séu mjög nákvæmir. Skilgreina skal vandlega hverja vörutegund innan sendingar svo að samanburður á reikningi og vörum í sendingu geti farið fram (skýrar og sundurliðaðar upplýsingar um hvern vörulið, s.s. lýsing á efni, lit og stærð, auk verðmætis). Erfitt getur reynst hönnuðum að standast þessar kröfur þar sem engin raðnúmer/tegunda-númer liggja að baki hönnunarvörum. Lykilatriði eru eins nákvæmar vörulýsingar og unnt er að leggja fram, raunvirði varningsins og rétt magntala. Tollurinn getur síðan alltaf farið fram á ljósmyndir af vörunum til þess að hafa með sendingunni; þær eru þá teknar í vöruhúsi hraðsendingarfyrirtækisins. Í flestum tilvikum er sjaldnast nóg að láta pro forma reikning fylgja með. Raunvirði varningsins þarf að vera til staðar, eða þá matsverð. Þyngd og verðmæti einstakrar vöru verður jafnframt að stemma inn og út.

3 Þessi 25% álagning er endurgreidd við uppgjör afgreiðslu, hvort sem um er að ræða uppgjör á gjöldum eða núlli. Þessi álagning er hugsuð sem svigrúm fyrir hugsanlegar breytingar á gjaldaútreikningum í endurskoðun, t.d. ef í ljós kemur að vara sé rangt tollflokkuð, EUR yfirlýsing stenst ekki skoðun og svo framvegis.

4 Tollstjóri. Beiðni um skoðun á vöru sem senda á til útlanda. <http://www.tollur.is/upload/files/E-14.pdf>.

5 DHL: tollskodun@dhl.com Express (UPS): ragna@express.is, IceTransport (Fedex): export@icetransport.is, TNT: halldorh@postur.is.

6 Sjá nánar í kaflanum Reikningar, bls. 8.

Athugið:

- Ferlið við að taka sendingu inn í tímabundinn innflutning sem fer til baka út í nokkrum hlutum getur verið mjög kostnaðarsamt og tímafrekt. Greiða þarf tollmiðlara fyrir breytingu á tollskýrslu upphaflegu sendingarinnar og fyrir E14 skoðunarvottorð í hvert skipti.
- Gott er að athuga í upphafi hvort kostnaður, mældur í tíma og fjármunum, við tímabundinn innflutning sé minni en kostnaðurinn við að greiða toll og virðisaukaskatt fyrir sýnishorn og frumgerðir.
- Erfitt hefur reynst framleiðendum, og þar með hönnunarfyrirtækjum, að útvega reikninga sem standast kröfur Tollsins.
- Verðið á tímabundnum innflutningi (deponeringu) og útflutningsbeiðni (E14) hjá íslenskum hraðflutningsfyrirtækjum fyrir hverja sendingu er mjög mismunandi. Ráðlegt er að gera verðsamanburð þegar valið stendur á milli nokkurra hraðflutningsfyrirtækja. Verðbil í janúar 2014 á deponeringu var 1.200 kr. til 10.442 kr. og vsk. var bætt ofan á það verð. Verðbil í janúar 2014 á útflutningsbeiðni var 1.200 kr. til 2.500 kr. og vsk. var bætt ofan á það verð.

Tollvöruheymsla

Tollvöruheymsla⁷ getur geymt lager fyrirtækja, en vörur í tollvöruheymslum eru ótollafgreiddar. Því er hægt að flytja þær aftur til útlanda án þess að tollgjöld leggist á verð vörunnar. Þannig felst hagkvæmni í því að þurfa ekki að borga toll og virðisauka um leið og vara kemur inn til landsins heldur einungis eftir þörfum en engin tímatakmörk eru á geymslu vöru. Þessi lausn hentar einkum fyrirtækjum sem flytja inn vörur sem bera há aðflutningsgjöld þar sem kostnaður við að geyma vörunar er frekar hár. Vert er fyrir hvert fyrirtæki að athuga hvort þessi lausn eigi við.

⁷ Lög nr. 88/2005 um dómstóla, 18. maí, XIII. kafli, gr. 69.

Fríverslunarsamningar

Fríverslunarsamningarnir sem Ísland er aðili að eru mismunandi en eiga það þó sameiginlegt að tollar falla niður á öllum vörum sem fluttar eru inn til landsins frá þeim ríkjum sem eru aðilar að fríverslunarsamningum við Ísland, að undanskildum tilteknum landbúnaðarvörum. Rétt er að undirstrika að það er einungis tollurinn sem fellur niður en ekki önnur aðflutningsgjöld s.s. virðisaukaskattur og vörugjöld.

Ef um er að ræða íslenskan útflutning til þessara ríkja gildir það sama. Tollar falla að jafnaði niður á langfestum vörum. Eins og á Íslandi kunna önnur gjöld að vera áfram lögð á vöruna, s.s. virðisaukaskattur og vörugjöld⁸.

Lönd með núgildandi fríverslunarsamning við Ísland⁹

<i>Albanía</i>	<i>Holland</i>	<i>Makedónía</i>	<i>Spánn</i>
<i>Austurríki</i>	<i>Hong Kong,</i>	<i>Malta</i>	<i>Suður-Kórea</i>
<i>Belgía</i>	<i>Kína</i>	<i>Marokkó</i>	<i>Svartfjallaland</i>
<i>Bretland</i>	<i>Írland</i>	<i>Mexíkó</i>	<i>Sviss</i>
<i>Búlgaría</i>	<i>Ísrael</i>	<i>Noregur</i>	<i>Svíþjóð</i>
<i>Chile</i>	<i>Ítalía</i>	<i>Perú</i>	<i>Tékkland</i>
<i>Danmörk</i>	<i>Jórdanía</i>	<i>PLO (sjálfstjórnarsvæði Palestínumanna)</i>	<i>Tollabandalag Suður-Afríkuríkja</i>
<i>Egyptaland</i>	<i>Kanada</i>	<i>Portúgal</i>	<i>Túnis</i>
<i>Eistland</i>	<i>Króatía</i>	<i>Pólland</i>	<i>Tyrkland</i>
<i>Finnland</i>	<i>Lettland</i>	<i>Rúmenía</i>	<i>Ungverjaland</i>
<i>Frakkland</i>	<i>Liechtenstein</i>	<i>Singapúr</i>	<i>Úkraína</i>
<i>Færeyjar</i>	<i>Litháen</i>	<i>Serbía</i>	<i>Þýskaland</i>
<i>Grikkland</i>	<i>Líbanon</i>	<i>Slóvakía</i>	
<i>Grænland</i>	<i>Lúxemborg</i>	<i>Slóvenía</i>	

Til þess að fá toll niðurfelldan vegna fríverslunarsamnings þarf framleiðandi í því landi sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við að láta ýmis skjöl fylgja til að uppfylla kröfur sem gerðar eru fyrir niðurfellingu tolls. Mikilvægt er að hafa samband við skrifstofu Tollstjóra til að fá frekari útlistun fyrir hvert land.

Ef flutt er inn til Íslands frá Evrópusambandslandi er hægt að **fá EUR1 skírteini¹⁰ (EUR1 Movement Certificate)** sem er upprunalyking, með vörunni. Þá getur viðurkenndur útflytjandi gefið yfirlýsingu á reikningi. Tollurinn fellur þá niður en ekki önnur gjöld. Allir útflytjendur geta sett EUR1 yfirlýsingu á reikning ef hann er undir 6.000 evrum en þá eru þeir ábyrgir fyrir því að varan uppfylli öll skilyrði um uppruna. Sé reikningur sendingar hærrí en 6.000 evrur er skylda að láta EUR1 skírteinið fylgja með.

⁸ Utanríkisráðuneytið. Viðskipti. Fríverslunarsamningar Íslands. <http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslunarsamningar/>

⁹ Undirstrikuð lönd eru aðilar að EES samningnum.

¹⁰ Tollstjóri. Tollafgreiðsla. Viðauki I: Leiðbeiningar við útfyllingu EUR1-flutningsskírteinis. http://tollur.is/displayer.asp?cat_id=529&module_id=210&element_id=1082

Upprunayfirlýsing á reikningi þarf að vera svohljóðandi:

The exporter of the products covered by this document declares that, except where otherwise clearly indicated, these products are of (t.d. Poland eða EEA) preferential origin

(Staður og dagsetning)

(Undirskrift útflytjanda, en auk þess þarf nafn þess sem undirritað hefur yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)

CIF/DAP afhendingarskilmálar

Framleiðendur geta verið með mun hagstæðari samninga við flutningsfyrirtæki en hönnunarfyrirtæki þar sem þau fyrrnefndu flytja út vörur í miklu magni. Ef framleiðandi greiðir fyrir sendingu og setur þar af leiðandi CIF (Cost, Insurance and Freight) eða DAP (Delivered at Place) sem lýsingu undir afhendingarskilmála á reikningi þá greiðir hönnunarfyrirtæki ekki aðflutningsgjöld af flutningskostnaðinum heldur er gert ráð fyrir að um 10% af heildarvirði vöru séu flutningsgjald og váttrygging. Þá er sú upphæð lögð við FOB-verð (Free on Board) sendingar sem myndar tollverðið og tollur og virðisauki reiknaður af því. Tollurinn hefur ávallt heimild til þess að fara fram á viðbótargögn, þ.m.t. reikning fyrir raunverulegum flutningskostnaði. Þessir skilmálar gera ráð fyrir því að flutningur sé innifalinn í verðmætinu á vörureikningi. Ef tollayfirvöld telja ríka ástæðu til þess að ætla að svo sé ekki geta þau farið fram á viðbótargögn til þess að staðfesta upphæðirnar.

Ef hvorki afhendingarskilmálar né flutningsgjald er tekið fram er sendingin merkt sem ex-works og viðmiðunarverðið hjá hraðflutningsfyrirtækjum er út frá eigin verðskrá. Það verð er mjög hátt og vert er að forðast að lenda í því að þessar upplýsingar vanti á reikninginn.

Samantekt

Innflutningur hönnunarvöru ætti að hljóta mismunandi tollafgreiðslu eftir framleiðslustigi m.a. vegna þess að sýnishorn á vöruþróunarstigi og frumgerðir fela í sér kostnað en skapa engar tekjur. Þær lausnir sem standa hönnunarfyrirtækjum til boða í dag til að minnka aðflutningskostnað eru ekki fullnægjandi. Betur má ef duga skal í baráttunni við að stækka og styðja unga atvinnugrein.

Vonir er bundnar við að tollverðir hafi skilgreiningar Hönnunarmiðstöðvar Íslands á frumgerðum og sýnishornum framvegis að leiðarljósi við mat á pökkum sem berast til landsins frá framleiðendum. Hugmyndir eru uppi um að Hönnunarmiðstöð útvegi Tollstjóraembættinu lista yfir þá fata- og vöruhönnuði sem hún hefur vitneskju um að fái sendar frumgerðir og sýnishorn. Þá gæti hún staðið fyrir stuttu námskeiði fyrir nýútskrifaða hönnuði sem myndi veita þeim ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi eðli og starfsemi íslenska tollakerfisins. Í kjölfarið fengju þeir einhvers konar vottun um að þeir hafi kynnt sér kerfið og yrði í kjölfarið bætt á listann sem sendur er tollvörðum.

Hönnuðir vilja gjarnan vinna með Tollinum að lausn mála og eru reiðubúnir að leggja fram myndir af teikningum, myndir úr sölubæklingi og framvísa flugmiðum sem sanna að þeir séu á leið á vörusýningu og ætli að fara með vörunar aftur úr landi. Og svo eftir um hálf t.ár þegar framleiðsluvaran er komin til landsins geta hönnuðir látið tollverði vita að framleiðsluvaran sé komin og hún tolluð á réttu verði. Það er ósk hönnuða að geta starfað á Íslandi í umhverfi sem styður við starfsemi þeirra. Þeir vilja njóta trausts hjá tollayfirvöldum og að þeir sem teknir eru fyrir að selja sýnishorn eða svindla á tollinum hafi ekki áhrif á heildina.

Það er von okkar að leiðbeiningarit þetta nýtist bæði hönnuðum og tollayfirvöldum og verði til þess að auka tillit í samskiptum þeirra og fræða báða aðila.

Viðauki 1: Reglugerð 630/2008, um ýmis tollfríðindi

VIII. KAFLI

Sýnishorn verslunarvara, hugbúnaðargögn og auglýsingaefni.

41. gr.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar aðflutningsgjöldum við innflutning:

1. Sýnishorn verslunarvara, þó ekki áfengi eða tóbak, og auglýsingaefnis, að verðmæti allt að kr. 5000, enda beri sendingin með sér að um sé að ræða sýnishorn vöru. Þó skal slík vara undanþegin aðflutningsgjöldum þótt uppgafið verðmæti sé meira, hafi varan verið gerð ónothæf sem almenn verslunarvara. Verðlítil sýnishorn og auglýsingaefni fyrir innflutta sýningarvöru, sem ætlað er til ókeypis dreifingar á sýningu, skal jafnframt undanþegið framangreindum verðmætismörkum.

Viðauki 2: Tollalög 2005 nr. 88 18. maí

Hér er settur fram sá hluti tollalaga sem aðstandendur hönnunarfyrirtækja skulu hafa í huga. Það eru þau tollalög sem fjalla um samskipti hönnuða við tollayfirvöld og laga- greinar sem mikilvægt er að kynna sér við innflutning á frumgerðum og sýnishornum íslenskrar hönnunar til Íslands.

III. kafli. Tollskyldir aðilar.

3. gr. Almenn tollskylda.

Hver sá sem flytur vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla samkvæmt ákvæðum þessara laga er tollskyldur, [...] og skal greiða toll af hinni innfluttu vöru, nema annað sé tekið fram í tollskrá.

IV. kafli. Tollskyldar vörur, undanþágur o.fl.

5. gr. Tollskyldar vörur og tollskrá.

Af vörum, sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða toll eins og mælt er fyrir í tollskrá í viðauka I með lögum þessum. Tollur skal lagður sem verðtollur á tollverð vöru eða sendingar eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 14.–16. gr. og sem magntollur á vörumagn eftir því sem í tollskrá samkvæmt viðauka I greinir. Aðra tolla og gjöld, sem mismuna innlendum og innfluttum framleiðsluvörum, má eigi leggja á vöruna við innflutning.

6. gr. Tollfrjálsar vörur.

Auk þeirra vara sem tollfrjálsar eru samkvæmt beinum fyrirmælum í tollskrá skulu eftirfarandi vörur vera tollfrjálsar:
[...]

6. Vörur sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess að þær seldust ekki þar eða endursendar eru hingað frá útlöndum af öðrum orsökum og færðar séu að mati tollfyrivalds fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

7. Endursendar tómar umbúðir, enda séu að mati tollfyrivalds færðar fullnægjandi sönnur fyrir því að um sé að ræða umbúðir utan af vörum útfluttum héðan.

8. Gjafir sem sendar eru hingað til lands í eftirfarandi tilvikum:

[...]

b. Gjafir til mannúðar- og líknanstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddra.

[...]

11. Sendingar vegna markaðssetningar og vöruþróunar sem hér segir:

a. Sýnishorn verslunarvara og auglýsingaefnis, enda sé verðmæti sendingar óverulegt. Jafnframt sýnishorn verslunarvara sem gerð hafa verið ónothæf sem almenn verslunarvara.

b. Hugbúnaðargögn sem send eru án endurgjalds og ætluð eru til þróunar eða hönnunar hugbúnaðar, prófunar, leiðréttingar eða uppfærslu eða eru eingöngu nothæf til kynningar.

c. Verðlaus bréf, bæklingar og prentuð gögn sem ekki hafa neitt viðskiptalegt gildi og ekki eru fallin til endurdreifingar. Ráðherra skal með reglugerð⁵⁾ kveða nánar á um skilyrði tollfrelsis samkvæmt þessari grein.

1) L. 42/2012, 1. gr. 2) L. 156/2012, 8. gr. 3) L. 22/2013, 7. gr. 4) L. 167/2008, 1. gr. 5) Rg. 630/2008, sbr. 634/2008.

7. gr. Niðurfelling, lækkun eða endurgreiðsla tolls.

Tollur skal lækka, falla niður eða endurgreiðast í eftirfarandi tilvikum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru:

1. Í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, frá þeim tíma er viðkomandi samningur hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Tollar á vörur sem upprunnar eru í fátækustu þróunarríkjum heims, samkvæmt skilgreiningu nefndar Sameinuðu þjóðanna um framtak, auðveldun viðskipta og þróunarmál (UNCTAD/Committee on Enterprise, Business Facilitation and Development), skulu falla niður til samræmis við niðurfellingu tolla á vörum sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

2. Vegna tímabundins innflutnings í eftirfarandi tilvikum:

a. Af vörum sem sendar eru til landsins til sýningar eða flutnings um stundarsakir, enda verði þær ekki nýttar til annars. Jafnframt af vélum, tækjum og öðrum áhöldum sem eru send til landsins til reynslu um stuttan tíma.

[...]

c. Af vörum sem eru sendar tímabundið hingað til lands til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.

[...]

Ráðherra getur með reglugerð kveðið á um þann hámarkstíma sem tollfrjáls innflutningur samkvæmt þessum tölulíð tekur til, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Ráðherra getur jafnframt í reglugerð afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til.

[...]

Verði vara ekki flutt úr landi innan tímafrests skv. 1. mgr. þessa tölulíðar skal innflytjandi greiða toll af vörinni eins og mælt er fyrir um í viðauka I við lög þessi.

Leyfishafi skal greiða kostnað við tollefirlit með vörum sem fluttar eru tímabundið til landsins samkvæmt þessum tölulíð.

[...]

7. Af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðar seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun, tollfrjálsa forðageymslu eða á frísvæði.

8. Af vörum sem reynast gallaðar eða hafa eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda, í viðurkenndum geymslum fyrir ótollafgreiddar vörur eða í flutningi milli tollhafna innan lands áður en þær eru afhentar viðtakanda.

[...]

10. Af hráefni, efnivörum og hlutum í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa tölulíðar. Niðurfelling tolls af hráefni eða efnivöru samkvæmt þessum tölulíð tekur ekki til vara sem magn-tollur (A1-tollur) er lagður á samkvæmt viðauka I við lög þessi.

11. Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magn-toll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa tölulíðar.

[...]

Ráðherra getur með reglugerð⁶⁾ kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein. Hann getur gert það að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

1)JL. 126/2011, 410. gr. 2)JL. 167/2008, 2. gr. 3)JL. 165/2010, 56. gr. 4)JL. 146/2006, 2. gr. 5)JL. 160/2012, 6. gr. 6)Rg. 327/2003, sbr. 252/2004 og 558/2010. Rg. 630/2008.

8. gr. Vara send til útlanda til aðvinnslu.

Nú er vara send til útlanda til aðvinnslu og hún breytir ekki svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af aðvinnslukostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Breyti vara sem send er utan til aðvinnslu svo eðli sínu við aðvinnsluna að úr verði nýr hlutur skal greiða af henni toll eftir tollskrá eins og um væri að ræða erlenda aðflutta vöru.

9. gr. Vara send til útlanda til viðgerðar.

Nú er vara send til útlanda til viðgerðar og hún breytir ekki svo eðli sínu við viðgerðina að úr verði nýir hlutir og skal þá aðeins greiða af viðgerðarkostnaði að viðbættum flutningskostnaði til landsins þann toll sem sams konar vara ber eftir tollskrá.

Komi ný vara í stað vöru sem send er utan til viðgerðar skal greiða af henni toll eftir tollskrá.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu notaðir hlutar í vöru, sem koma í stað sams konar hluta, sem sendir hafa verið til viðgerðar í þjónustumiðstöðvar erlendis, tollafgreiddir með þeim hætti að tollur sé reiknaður af þjónustugjaldi samkvæmt reikningi hinnar erlendu þjónustumiðstöðvar, enda komi þar fram heiti og tegundarnúmer hlutar, hann flokkist í sama tollskrárnúmer, hafi sams konar viðskiptalegt gildi og búi yfir sömu tæknilegum eiginleikum og sá hlutur sem sendur var til viðgerðar, auk þess sem gætt skal að öðru leyti ákvæða 1. mgr.

V. kafli. Tollverð og tollverðsákvörðun.

14. gr. Tollverð.

Tollverð innfluttra vara er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörunar við sölu þeirra til útflutnings til landsins með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 15. gr., að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

1. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun varanna, aðrar en takmarkanir sem

- a. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,
- b. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vörunar eða
- c. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti varanna.

2. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.

3. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun varanna af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 15. gr.

4. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum skv. 16. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal því aðeins telja aðila, persónur eða lögaðila, háða hvor öðrum að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

1. Þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvor annars.
2. Þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis.
3. Þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans.
4. Einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórn eða hafi umráð yfir fimm hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum.
5. Annar þeirra stjórn beint eða óbeint hinum.
6. Þriðji aðili stjórn beint eða óbeint báðum.
7. Báðir saman stjórn beint eða óbeint þriðja aðila.
8. Þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar, persónur eða lögaðilar, sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan þannig að annar er einkaumboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum.

15. gr. Tollverðsákvörðun.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 14. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hinar innfluttu vörur:

1. Eftirtöldu, að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vörurnar:

- a. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
- b. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunum.
- c. Þökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.

2. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinnna vara og þjónustu, sem látin er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:

- a. Efnivara, hluta, parta og þess háttar sem notað hefur verið í hinar innfluttu vörur.
- b. Verkfæra, forma, móta og þess háttar sem notað hefur verið við framleiðslu hinna innfluttu vara.
- c. Efnivara sem eyðst hafa við framleiðslu hinna innfluttu vara.
- d. Verkfræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlana og uppdráttar sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu hinna innfluttu vara.

3. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslurétt á vörunni hér á landi.

4. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinna innfluttu vara sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

1. Flutningskostnaður hinna innfluttu vara til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
2. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinna innfluttu vara vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
3. Vátryggingarkostnaður.

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða. [Kostnaðarliðir og gjöld sem um ræðir í 2. mgr. skulu innifalin í tollverði, án tillits til þess hvort kostnaðarliðirnir og gjöldin séu raunverulega greidd eða ekki, enda sé unnt að ákvarða þau á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.]¹⁾

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

1)L. 165/2010, 57. gr.

17. gr. Skipting kostnaðar.

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 15. gr., sem til verða þegar vörur eru sendar í einu farmskrárnúmeri sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað. Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, sem unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

18. gr. Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörnum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll nema innflytjandi láti tollfyrirvöldum í té upplýsingar sem þau meta fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingu.

19. gr. [Tollafgreiðslugengi.]¹⁾

[Tollafgreiðslugengi skal miða við opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands hvern virkan dag. Tollafgreiðslugengi þeirra gjaldmiðla sem Seðlabanki Íslands tekur ekki til opinberrar skráningar skal ákvarðað af [tollstjóra]²⁾ að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Við tollafgreiðslu sendinga skal ákvörðun tollverðs byggð á tollafgreiðslugengi eins og opinbert viðmiðunargengi er skráð af Seðlabanka Íslands síðasta virkan dag á undan.]¹⁾

Ráðherra skal kveða nánar á um ákvörðun tollafgreiðslugengis sem nota skal við umreikning tollverðs vöru eða hluta þess yfir í íslenskar krónur. Jafnframt skal kveðið nánar á um gildistíma, fresti, bráðabirgðatollafgreiðslu, tollafgreiðslu þegar engrar skráningar gengis nýtur við og annað er lýtur að gengisviðmiðun við tollafgreiðslu.

1)L. 170/2007, 1. gr. 2)L. 147/2008, 2. gr. 3)Rg. 1100/2006, sbr. 172/2008.

VI. kafli. Tollflokun.

20. gr. Tollflokun vöru.

Inn- og útflytjendur skulu færa vöru til tollflokks í viðeigandi tollskjölum samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar í viðauka I við lög þessi.

Leiki vafi á um tollflokun vöru eða óski inn- eða útflytjandi eftir staðfestingu tollstjóra á tollflokun vöru getur hann leitað eftir bindandi álitu tollstjóra á tollflokun vörunnar, sbr. 21. gr.

VII. kafli. Skýrslugjafir.

Aðflutningsskýrsla og önnur tollskjöl.

22. gr. Skilafrestur aðflutningsskjala.

Innflytjandi skal láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og önnur tollskjöl vegna innfluttrar vöru, sbr. 23. og 25. gr., áður en vara er afhent til notkunar innan lands eða sett í tollfrjálsa verslun eða tollfrjálsa forðageymslu. Tollskjöl skulu þó látin tollstjóra í té ekki síðar en sex mánuðum frá komudegi flutningsfars vöru til landsins nema vöru hafi verið ráðstafað í tollvörugeymslu eða á frísvæði.

[Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að afhenda hraðsendingar til notkunar innan lands áður en tollskjöl eru látin tollstjóra í té. Ráðherra ákveður frest til að skila tollskjölum vegna hraðsendinga með reglugerð.]¹⁾²⁾

1)Rg. 1100/2006. 2)L. 80/2006, 2. gr.

23. gr. Rafrænar aðflutningsskýrslur.

Tollmiðlarar skulu senda ...¹⁾ tollstjóra með skjalasendingum á milli tölva þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara (SMT-tollafgreiðsla). Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur [tollstjóri]²⁾ gefið fyrirmæli um að skriflegar aðflutningsskýrslur skuli látnar [honum]¹⁾ í té vegna vara sem þarfnast sérstaks eftirlits. Innflytjendur, sem stunda innflutning á vörum í atvinnuskyni, skulu senda ...¹⁾ tollstjóra þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðsla) eða í gegnum veftegingu við vefsetur tollfyrivalda (VEF-tollafgreiðsla).

Prátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal ráðherra ákveða með reglugerð³⁾ að þeir sem ná ekki tilteknum lágmarksfjölda innfluttra sendinga á ári geti látið tollfyrirvöldum í té skriflegar aðflutningsskýrslur skv. 25. gr.

Innflytjendum samkvæmt þessari grein er heimilt að veita tollmiðlara umboð til þess að koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart tollfyrirvöldum með skjalasendingum á milli tölva (SMT-tollafgreiðslu).

[[Tollstjóri]²⁾ ákveður form rammaskýrslu fyrir aðflutningsskýrslu og hvernig tæknilegri útfærslu SMT- og VEF-tollafgreiðslu skuli háttað að öðru leyti.]⁴⁾

...⁴⁾

1)L. 147/2008, 3. gr. 2)L. 147/2008, 2. gr. 3)Rg. 1100/2006. 4)L. 146/2006, 3. gr.

28. gr. Fylgiskjöl með aðflutningsskýrslum.

Eftirtalin skjöl skulu liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu skv. 23. og 25. gr. eftir því sem við á. Þegar um SMT- eða VEF-tollafgreiðslu er að ræða skulu fylgigögn varðveitt með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 29. gr. Viðeigandi fylgiskjöl skulu afhent tollstjóra í þeim tilvikum þegar aðflutningsskýrsla er skrifleg:

1. Vörureikningur: Frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu. Þrátt fyrir ákvæði 1. máls. er tollstjóra heimilt að taka gildan pro forma reikning eða viðskiptareikning í stað frumrits eða samrits þegar verðmæti vöru er óverulegt eða hún er augljóslega ekki ætluð til sölu hér á landi, t.d. þegar um persónulega muni er að ræða.

2. Farmbréf og önnur staðfestingarskjöl: Farmbréf eða undirfarmbréf, reikningur fyrir flutningskostnað, reikningur fyrir umbúðakostnað, pökkunarlisti, niðurstaða efnagreiningar og önnur skjöl og gögn sem geta verið til staðfestingar þeim at-riðum sem tilgreind eru í aðflutningsskýrslu og vörureikningi eða fela í sér upplýsingar um tegund vöru, samsetningu, magn og verð hennar. Krefjast má þess að farmbréf eða undirfarmbréf sé afhent í fleiri en einu eintaki og tollstjóra er heimilt að halda eftir einu eintaki eða fleiri eftir þörfum. Tollstjóra er heimilt að taka afrit af staðfestingarskjölum ef ástæða þykir til.

3. Tollverðsskýrsla: Tollverðsskýrsla í þeim tilvikum þegar það verð sem tilgreint er í vöru- eða sölureikningi er ekki viðskiptaverð vöru, sbr. 14. gr. Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum ákveðið að tollverðsskýrsla sé látin í té með aðflutningsskýrslu í öðrum tilvikum. Tollverðsskýrsla skal innflytjandi gera skriflega á þar til gert eyðublað.

4. Upprunasannanir: Frumrit viðeigandi upprunasönnunar í þeim tilvikum þegar sett er fram krafa um fríðindameðferð innfluttrar vöru með vísan til fríverslunarsamnings sem Ísland á aðild að.

5. Önnur fylgiskjöl: Önnur gögn sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

...1)

1)L. 80/2006, 3. gr.

29. gr. Varðveisla aðflutningsskýrslna og fylgiskjala vegna rafrænnar tollafgreiðslu.

Innflytjandi, sem er bókhaldsskyldur samkvæmt ákvæðum laga um bókhald, skal varðveita öll tollskjöl í samræmi við ákvæði laga um bókhald og fyrirmæli sett samkvæmt þeim. Þá skal innflytjandi, sem hefur leyfi til SMT-tollafgreiðslu, varðveita öll tölvutæk gögn er varða tollafgreiðslu í sex ár frá tollafgreiðsludegi. Hann skal halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í réttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammakeyti sem hann sendir tollstjóra eða tekur á móti frá tollstjóra. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammakeyti og endurmynda þau og prenta á læsilegan hátt ef þess er óskað. Innflytjandi, sem hefur leyfi til VEF-tollafgreiðslu, skal varðveita útprentun af tollskýrslu og rafrænni tilkynningu tollstjóra um tollafgreiðslu og skuldfærslu aðflutningsgjalda.

[...]

30. gr. Upplýsingaskylda.

Innflytjandi skal samkvæmt ákvörðun tollstjóra leggja fram eða veita aðgang að bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, bréfum, samningum og öðrum gögnum er varða innflutning vöru eða sendingar ef nauðsynlegt þykir til þess að unnt sé að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslu, vörureikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind. Tollstjóri hefur aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum tollskyldra aðila og birgðageymslum og heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta.

[...]

VIII. kafli. Ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum.

32. gr. Ábyrgð innflytjanda.

Innflytjandi, sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammakeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu.

Sá sem undirritar og lætur tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu ásamt fylgiskjöllum ber ábyrgð á því að þær upplýsingar sem þar koma fram séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar.

33. gr. Ábyrgð tollmiðlara.

Tollmiðlari, sem hefur sent aðflutningsskýrslu til tollstjóra fyrir hönd innflytjanda, ber ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi.

Tollmiðlara er skylt að fá í hendur öll viðeigandi fylgiskjöl skv. 28. gr. áður en hann sendir tollstjóra rammaskeyti vegna SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjanda. Tollmiðlari skal að lokinni tollafgreiðslu vöru afhenda bókhaldsskyldum innflytjanda, sbr. 1. mgr. 29. gr., eða tollstjóra í þeim tilvikum þegar innflytjandi er ekki bókhaldsskyldur, sbr. 3. mgr. 29. gr., öll skrifleg gögn skv. 28. gr.

Tollmiðlara ber skylda til þess að leggja sjálfstætt mat á hvort þau fylgiskjöl sem umbjóðandi hans leggur fram til grundvallar aðflutningsskýrslu fullnægja ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmæla. Telji hann svo ekki vera skal hann kalla eftir þeim gögnum sem á vantar eða nýjum gögnum í stað þeirra sem kunna að vera ófullnægjandi. Hann skal því aðeins senda aðflutningsskýrslu til tollstjóra með rammaskeyti í þeim tilvikum þegar fylgiskjöl, sem liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu, uppfylla skilyrði laga þessara með ótvíræðum hætti.

IX. kafli. Tollmeðferð vöru.

34. gr. Upphaf tollmeðferðar.

Vara telst tekin til tollmeðferðar þegar eitthvert eftirtalinna tilvika á við:

1. Tollstjóri hefur tekið við aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjöllum, sem skulu látn í té vegna tollmeðferðar vöru, enda fullnæggi þau að öllu leyti skilyrðum laga þessara til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru þegar í stað. Rafræn aðflutningsskýrsla, sem send er við SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, telst móttekin hjá tollstjóra við skráningu skýrslunnar í tölvukerfi tollfyrivalda.
2. Tollstjóri hefur heimilað afhendingu vöru eða sendingar án eða gegn tryggingu.
3. Tollstjóri hefur tilkynnt innflytjanda að vara eða sending verði seld nauðungarsölu eða gert ráðstafanir til þess að selja vöru nauðungarsölu ef ekki næst til innflytjanda til lúkingar aðflutningsgjöldum, sbr. 128. og 129. gr.

36. gr. [Bráðabirgðatollafgreiðslur og hraðsendingar.]¹⁾

Nú gerir innflytjandi vöru það sennilegt að hann hafi ekki fengið þau gögn sem 28. gr. tekur til, eða þau eru ekki fullnægjandi, og má þá tollstjóri veita heimild til afhendingar vöru gegn því að hann greiði allan kostnað af tollskoðun og setji fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og afhendi eða leiðrétti gögn, sem misfellur eru á, innan hæfilegs tíma sem tollstjóri tiltekur. Við ákvörðun tryggingar getur tollstjóri lagt allt að 25% álag á áætluð aðflutningsgjöld. Ef vanefndir verða á greiðslu aðflutningsgjalda má tollstjóri ákveða gjöldin og taka fjártryggingu upp í þau.

[Bráðabirgðatollafgreiðsla gegn fjártryggingu, sbr. 1. mgr., er enn fremur heimil þegar nauðsynlegt reynist að fresta lokaákvörðun um tollverð vöru skv. 14.–17. gr. eða um önnur atriði sem lög þessi taka til, enda þyki að mati tollstjóra ekkert því til fyrirstöðu að innflytjandi leysi vöruna til sín.]¹⁾

[[Tollmiðlara er heimilt að afhenda hraðsendingu til notkunar innan lands án greiðslu aðflutningsgjalda, enda láti hann tollstjóra tímanlega í té með rafrænum hætti upplýsingar um nöfn og kennitölur sendanda og innflytjanda auk upplýsinga um verðmæti, tegund og þyngd sendingar og setji tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.]²⁾ Ráðherra getur heimilað að trygging taki mið af þeim aðflutningsgjöldum sem ætla má að tollmiðlari verði ábyrgur fyrir vegna hraðsendingaþjónustu, í stað þess að trygging sé sett fyrir hverja sendingu.]³⁾

[Ráðherra setur nánari reglu⁴⁾ um bráðabirgðatollafgreiðslur og hraðsendingar samkvæmt þessari grein.]³⁾

1)L. 146/2006, 5. gr. 2)L. 42/2012, 3. gr. 3)L. 80/2006, 4. gr. 4)Rg. 1100/2006.

XIII. kafli. Meðferð og varsla ótollafgreiddar vöru.

69. gr. Geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vöru.

Heimilt er að geyma ótollafgreiddar vöru á eftirtöldum geymslusvæðum:

1. Afgreiðslugeymslum farmflytjenda og viðurkenndra tollmiðlara, sbr. 88.–90. gr.
2. Tollvörugeymslum, sbr. 91.–95. gr.
3. Tollfrjálsum forðageymslum, sbr. 96.–100. gr.
4. Tollfrjálsum verslunum og tollfrjálsum birgðageymslum þeirra, sbr. 101.–104. gr.
5. Frísvæði, sbr. 105.–108. gr.

[6. Umflutningsgeymslum, sbr. 108. gr. a – 108. gr. d.]¹⁾

Óheimilt er að geyma ótollafgreiddar vöru utan þeirra geymslusvæða sem nefnd eru í 1. mgr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollstjóra heimilt, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að veita leyfi til geymslu ótollafgreiddar vöru utan geymslusvæða skv. 1. mgr. Leyfi skal veitt með skriflegum eða rafrænum hætti. Tollstjóri getur bundið leyfi þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg. Leyfishafi skal greiða allan kostnað sem hlýst af nauðsynlegu eftirliti með vörunni.

Tollstjóra er heimilt að taka ótollafgreiddar vöru í sínar vörslur á kostnað farmflytjanda eða innflytjanda til geymslu eða tollafgreiðslu ef nauðsyn krefur.

¹⁾L. 170/2007, 3. gr.

70. gr. Geymslutími.

Vöru, sem settar hafa verið í afgreiðslugeymslu skv. 1. tölul. 1. mgr. 69. gr., skal tollafgreiða innan sex mánaða frá komu flutningsfars vöru til landsins nema tollstjóri hafi veitt leyfi til flutnings þeirra í tollvörugeymslu, tollfrjálsa forðageymslu, tollfrjálsa verslun eða á frísvæði. Ef sérstaklega stendur á getur tollstjóri heimilað, að fengnu samþykki leyfishafa, að vöru skuli tollafgreiða innan 18 mánaða frá komu flutningsfars til landsins. Heimilt er að geyma ótollafgreiddar vöru á geymslusvæðum skv. [2.–6. tölul.]¹⁾ 1. mgr. 69. gr. án tímatakmarkana.

¹⁾L. 170/2007, 4. gr.

73. gr. Einkaneysla, afnot eða sýning á vörum sem fluttar hafa verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vöru er óheimil nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Iðnaður og aðvinnsla á vörum er óheimil á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vöru nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

XIV. kafli. Álagning, kærur o.fl.

109. gr. Álagning aðflutningsgjalda.

[Tollstjóri]¹⁾ annast álagningu aðflutningsgjalda. Álagning aðflutningsgjalda skal byggð á þeim upplýsingum sem koma fram í aðflutningsskýrslu skv. VII. kafla. Þó skal tollstjóri leiðrétta augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té.

Ef aðflutningsskýrslu er ekki skilað innan tilskilins frests skv. 22. gr. skal tollstjóri áætla tollverð vöru skv. 115. gr.

¹⁾L. 147/2008, 16. gr.

110. gr. Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu fyrir tollafgreiðslu.

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla ásamt fylgiskjöllum hefur verið látin tollstjóra í té og áður en afhendingarheimild er veitt að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmæltan hátt, undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á.

Áskorun skv. 1. mgr. getur hvort heldur sem er verið skrifleg eða rafræn, á því formi sem [tollstjóri]¹⁾ ákveður.

Fái tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests skv. 1. mgr. leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjöllum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi

berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 115. gr.

111. gr. Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir rafræna tollafgreiðslu.

Tollstjóri skal endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld, ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu, vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar með rafrænum hætti á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun skv. 1. mgr.

114. gr.

112. gr. Endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir skriflega tollafgreiðslu.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu, skal tollstjóri endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Tollstjóra er heimilt að endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld á grundvelli 1. mgr. vegna sendinga sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 114. gr. um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té réttar og fullnægjandi upplýsingar í aðflutningsskýrslu og fylgiskjölum er þó eigi heimilt að endurákværða honum aðflutningsgjöld nema vegna sendinga sem hann hefur fengið tollafgreiddar á síðustu 60 dögum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun. Hafi heimild verið veitt til tímabundins innflutnings vöru skal tollstjóra þó heimilt að endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld í 60 daga talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er tollstjóra heimilt að endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld vegna sendinga, sem innflytjandi hefur fengið tollafgreiddar á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning skv. 1. mgr. 114. gr. um fyrirhugaða endurákvörðun, hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru.

113. gr. Aðrar endurákværðanir.

Komi í ljós eftir tollafgreiðslu vöru að tollstjóra hafi verið látnar í té rangar eða ófullnægjandi upplýsingar en fjárhæð aðflutningsgjalda er engu að síður rétt ákvörðuð skal tollstjóri tilkynna innflytjanda um fyrirhugaðar breytingar á aðflutningsskjölum. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar vissi eða mátti vita um réttmæti upplýsinga í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Um endurákværðanir skv. 1. mgr. gilda ákvæði 114. gr. eftir því sem við á.

114. gr. Málsmeðferðarreglur við endurákvörðun aðflutningsgjalda.

Ef fyrirhuguð er endurákvörðun tollstjóra skv. 111.–113. gr. skal tollstjóri senda innflytjanda tilkynningu um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun með sannanlegum hætti.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skal tollstjóri lýsa í meginatriðum þeim atvikum sem hann telur að eigi að leiða til endurákvörðunar.

Tollstjóri skal veita innflytjanda a.m.k. 15 daga frest, frá póstlagningardegi tilkynningar um fyrirhugaða endurákvörðun, til þess að tjá sig skriflega um efni máls og, eftir atvikum, leggja fram gögn áður en úrskurður um endurákvörðun er kveðinn upp.

Úrskurður um endurákvörðun skal kveðinn upp innan [60]1) daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til þess að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjanda skal tilkynnt um úrskurð með ábyrgðarbréfi.

1)L. 42/2012, 6. gr.

115. gr. Heimildir tollstjóra til áætlunar aðflutningsgjalda.

Í þeim tilvikum þegar tollstjóra ber að áætla fjárhæð aðflutningsgjalda skal hann áætla tollverð vöru svo ríflega að eigi sé

hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en raunverulegt verðmæti vörunnar og ákvarða aðflutningsgjöld í samræmi við þá áætlun. Við áætlunina skal tollstjóri hafa hliðsjón af þeim upplýsingum sem liggja fyrir um vöruna, þar á meðal farmskrá, framlögðum gögnum ef einhver eru og gögnum Hagstofu Íslands yfir innfluttar vörur.

116. gr. Leiðréttingar á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu.

Verði innflytjandi þess var innan sex ára talið frá tollafgreiðsludegi vöru að upplýsingar, sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu vöru, voru rangar eða ófullnægjandi skal hann leggja fram beiðni hjá tollstjóra um viðeigandi leiðréttingar, sbr. 2. mgr. Beiðni skv. 1. mgr. um leiðréttingu skal afhent tollstjóra á formi leiðréttrar skriflegrar aðflutningsskýrslu ásamt viðeigandi fylgiskjölum. Ákvæði VII. kafli um skriflegar skýrslugjafir gilda um leiðréttar aðflutningsskýrslur samkvæmt þessari málsgrein.

Innflytjandi ber sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda.

Tollstjóri kveður upp úrskurð vegna beiðni um leiðréttingu innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 117. gr.

117. gr. Kæur til tollstjóra.

Telji tollskyldur aðili ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriði sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun, eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum til tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur þegar verið tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi.

Telji tollstjóri óljóst á hvaða rökum kæra er reist eða að fylgiskjöl séu ófullnægjandi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr því innan hæfilegs tíma. Ef þess er eigi gætt varðar vanreifun frávísun kæru.

Úrskurðaða skal svo fjótt sem verða má og eigi síðar en innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur og tollskyldum aðila skal bent á heimild til þess að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar, sbr. 118. gr. Úrskurður skal sendur innflytjanda með sannanlegum hætti. ...1)

1)L. 147/2008, 17. gr.

119. gr. Tollendurskoðun.

[Tollstjóri hefur á hendi tollendurskoðun.]1)

Tollendurskoðun tekur til hvers konar könnunar [tollstjóra]2) á réttmæti upplýsinga sem lagðar voru fram við lögboðna skýrslugjöf til tollstjóra og hvers konar könnunar á réttmæti skila á aðflutningsgjöldum eftir álagningu þeirra. Í tollendurskoðun felst m.a. samanburður á upplýsingum sem [tollstjóra]1) eru veittar með rafrænum hætti við bókhaldsgögn, þar á meðal viðeigandi fylgigögn sem eiga að liggja til grundvallar skýrslugjöf til tollstjóra samkvæmt ákvæðum laga þessara. Tollendurskoðun tekur einnig til öflunar frekari gagna frá tollskyldum aðilum eða öðrum.

Lögreglu er skylt að veita [tollstjóra]2) nauðsynlega aðstoð í þágu tollendurskoðunar ef aðili færir undan afhendingu bókhaldsgagna.

...1)

1)L. 147/2008, 19. gr. 2)L. 147/2008, 2. gr.

XV. kafli. Gjald dagi, greiðslufrestur og greiðslustaður aðflutningsgjalda.

120. gr. Gjald dagi aðflutningsgjalda.

Aðflutningsgjöld, af öðrum vörum en þeim sem ráðstafað hefur verið á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur skv. [2.–6. tölul.]1) 1. mgr. 69. gr., falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands enda sé flutningsfar þegar komið til landsins. Aðflutningsgjöld skulu þó falla í gjalddaga eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars til landsins nema tollstjóri hafi heimilað lengri geymslutíma í afgreiðslugeymslu, sbr. 1. mgr. 70. gr. Í þeim tilvikum skulu aðflutningsgjöld falla í gjalddaga við lok þess frests sem tollstjóri tiltekur. Um gjalddaga aðflutningsgjalda þegar greiðslufrestur er veittur fer eftir ákvæði 2. mgr. 122. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum sem ráðstafað hefur verið í tollvöruhegrymslu eða á frísvæði falla í gjalddaga þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands. Sama gildir um þær vörur sem óskast tollafgreiddar úr tollfrjálsum forðageymslum og tollfrjálsum verslunum til notkunar innan lands.

Ef neyðarleyfi eða leyfi til bráðabirgðatollafgreiðslu er veitt skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar uppgjör aðflutningsgjalda skal eiga sér stað samkvæmt ákvörðun tollstjóra, sbr. 36. og 37. gr. Ef tímabundinn tollfrjáls innflutningur er heimilaður skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sá dagur þegar leyfi til tímabundins innflutnings fellur úr gildi. Aðflutningsgjöld skulu ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á tollafgreiðsludegi.

Ef um hraðsendingu er að ræða skal gjalddagi aðflutningsgjalda vera sjö dögum eftir tollafgreiðslu sendingar.

Ef vara er afhent úr vörslu farmflytjanda eða af geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur án tilskilins leyfis tollstjóra skulu aðflutningsgjöld þegar gjaldfelld.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 5. mgr. og vara hefur verið í vörslu farmflytjanda, tollmiðlara eða innflytjanda samkvæmt sérstöku leyfi tollstjóra, sbr. 3. mgr. 69. gr., skal gjalddagi vera komudagur flutningsfars og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á þeim degi. Ef vara hefur verið flutt í tollvöruhegrymslu eða á frísvæði skal gjalddagi vera þegar tollstjóra barst tilkynning skv. 79. gr. og skulu aðflutningsgjöld ákvörðuð samkvæmt lögum og tollafgreiðslugengi sem var í gildi á þeim degi, nema sannað sé með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að óheimil afhending vöru til notkunar innan lands hafi átt sér stað síðar.

Ef aðflutningsgjöld innflytjanda eru endurákvörðuð skv. 111. eða 112. gr., sbr. 114. gr., fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga á tollafgreiðsludegi vöru.

1)L. 170/2007, 4. gr.

121. gr. Réttur til greiðslufrests.

Aðilar sem skráðir eru á virðisaukaskattsskrá skulu njóta greiðslufrests á aðflutningsgjöldum enda séu þeir í skilum við ríkissjóð. Réttur til greiðslufrests tekur til aðflutningsgjalda af vörum sem fluttar eru inn í atvinnuskyni.

Óheimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar neyðarleyfi er veitt eða bráðabirgðatollafgreiðsla fer fram svo og við uppgjör aðflutningsgjalda í þessum tilvikum.

122. gr. Uppgjörstímabil og gjalddagi við skuldfærslu.

Þegar greiðslufrestur er veittur er hvert uppgjörstímabil tolls og annarra aðflutningsgjalda tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum.

Gjalddagi skuldfærðra aðflutningsgjalda er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

[Tollstjóra er heimilt, á grundvelli umsóknar, að fresta gjalddaga skuldfærðs virðisaukaskatts skv. 2. mgr. fram að uppgjöri virðisaukaskatts fyrir sama uppgjörstímabil, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, enda sé aðili að jafnaði með lægri útskatt en innskatt þar sem verulegur hluti veltunnar er undanþeginn virðisaukaskatti skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Heimild, útgefin af tollstjóra, skal gilda í 12 mánuði í senn.]

1)L. 167/2008, 6. gr.

123. gr. Synjun um heimild til skuldfærslu.

Tollstjóri skal synja þeim sem nýtur heimildar til skuldfærslu aðflutningsgjalda um frekari greiðslufrest á aðflutningsgjöldum ef hann gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma. Jafnframt er tollstjóra heimilt að synja um frekari greiðslufrest ef sá sem hans nýtur gerir ekki skil á öðrum ríkissjóðsgjöldum en aðflutningsgjöldum á tilskildum tíma.

125. gr. Vextir.

Dráttarvextir skulu reiknast á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með gjalddaga og innheimtir í ríkissjóð.

[Þó verða dráttarvextir einungis reiknaðir tvö ár aftur í tímann frá þeim degi sem úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er kveðinn upp.] Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Nú verður ljóst þegar álagningu aðflutningsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að meira hefur verið greitt en sem nemur endanlegum álögðum aðflutningsgjöldum og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslum ríkissjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Sé kæra til meðferðar hjá ríkistollanefnd og nefndin kveður ekki upp úrskurð innan lögboðins frests skv. 9. mgr. 118. gr. skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sem ríkistollanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til þess að kveða upp úrskurð leið.

Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu aðflutningsgjalda.

1) L. 42/2012, 7. gr.

XVI. kafli. Innheimta og ábyrgð.

127. gr. *Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.*

Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda hvílir á innflytjanda vöru.

Nú kemur tollmiðlari fram gagnvart tolyfjörvöldum fyrir hönd innflytjanda vegna tollmeðferðar vöru og ber hann þá ásamt innflytjanda óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ábyrgð tollmiðlara fellur brott hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda, enda hafi tollmiðlari haft heimild innflytjanda til þess, nema tollmiðlari hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar í aðflutningsskjölum væru rangar eða ófullnægjandi, sbr. 33. gr.

XVII. kafli. Stöðvun tollafgreiðslu.

130. gr. *Tollstjóri skal stöðva tollafgreiðslu sendingar ef innflutningur vöru sem sending inniheldur er háður skilyrðum samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið fullnægt. Sama gildir ef innflutningur er háður leyfum sem ekki er sýnt fram á að hafi verið aflað.*

131. gr. *Tollstjóra er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda:*

1. sem er í vanskilum með aðflutningsgjöld, dráttarvexti eða annan kostnað,
2. sem hefur vanrækt að láta tollstjóra í té aðflutningsskýrslu og fylgigögn innan tilskilins frests,
3. sem sinnir ekki upplýsingaskyldu gagnvart tollstjóra, sbr. 30. gr., eða tregðast við að veita aðstoð sem honum ber að veita tollstjóra samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Stöðvun tollafgreiðslu skv. 1. mgr. skal koma til framkvæmda 15 dögum eftir að innflytjanda hefur verið tilkynnt um fyrirhugaða stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til hans vegna þeirra atvika sem um getur í 1. mgr.

XIX. kafli. Útflutningur.

140. gr. *Skylda til að skila útflutningsskýrslu.*

Þeir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skulu, áður en vara er flutt úr landi, senda ...1) tollstjóra með rafrænum hætti þær upplýsingar sem láta ber í té við tollafgreiðslu vara.

1) L. 147/2008, 21. gr.

141. gr. *Einfaldaðar útflutningsskýrslur vegna póstverslunar.*

Einstaklingar og lögaðilar sem stunda í atvinnuskyni útflutning smásendinga í póstverslun til einstaklinga geta sótt um leyfi [tollstjóra] til að skila einfölduðum útflutningsskýrslum sem láta má tollstjóra í té eftir að útflutningur hefur átt sér stað.

Ráðherra getur með reglugerð2) kveðið á um skilyrði fyrir heimild til einfaldaðrar skýrslugjafar við útflutning skv. 1. mgr.

1) L. 147/2008, 2. gr. 2) Rg. 1100/2006.

XX. kafli. Uppruni vöru.

145. gr. *Ráðherra er heimilt að setja almennar upprunareglur er gildi við innflutning og útflutning vöru.*

[Við setningu upprunareglna skal samráð eftir atvikum haft við ráðuneyti er fara með almenn viðskiptamál, málefni sjávarútvegs, málefni landbúnaðar og útflutning.] Reglurnar skulu grundvallaðar á eftirfarandi meginreglum:

1. Þegar viðmiðun um breytingu á tollflokkan er beitt skal tilgreina nákvæmlega undirliði og vöruliði þeirrar

tollnafnaskrár sem notuð er.

2. Þegar miðað er við hundradshluta af verðmæti skal tilgreina reikningsaðferðir.

3. Þegar miðað er við framleiðslu eða aðvinnsluáðferðir skal skýra nákvæmlega frá aðferðum sem gefa til kynna uppruna viðkomandi vöru.

Upprunareglur skal birta með reglugerð. [Tollstjóri]2) veitir innflytjendum, útflytjendum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta bindandi álit um uppruna vöru. Álitið skal veita eins fljótt og hægt er og eigi síðar en 60 dögum eftir að beiðni er lögð fram. Gerist Ísland aðili að milliríkjasamningi sem kveður á um tollalækkanir eða aðra tilhliðrun fyrir íslenskar útflutningsvörur við tollafgreiðslu í viðkomandi landi eða löndum skal tollstjóri að beiðni útflytjenda veita upplýsingar um skilyrði tollfríðinda, þar á meðal útgáfu upprunasannana o.fl. Ef útflytjandi framleiðsluvara er annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Öll skjöl og vottorð um uppruna vöru, tollendurgreiðslur af þeim o.fl. skv. 1. og 3. mgr. skulu vera að formi og frágangi eins og ákveðið er af ráðherra. Nú óskar aðildarríki að milliríkjasamningi skv. 1. og 3. mgr. að sannreyna sannleiksgildi skjala eða vottorða um uppruna, tollendurgreiðslur o.fl. vegna útfluttra vara til viðkomandi landa eða nauðsynlegt telst af öðrum ástæðum að framkvæma slíka rannsókn og eru þá atvinnurekandi og aðrir, sem hlut eiga að máli, skyldir til að láta tolfyrivaldi í té upplýsingar um atriði sem þýðingu hafa fyrir rannsóknina og getur tolfyrivald eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila. Ráðherra getur með nánar ákveðnum skilyrðum löggið innlend samtök til að gefa út ábyrgðarskjöl og ábyrgjast gagnvart yfirvöldum í öðrum ríkjum greiðslu gjalda af vörum sem útflyttar eru héðan til tímabundinna nota eða til umflutnings í því ríki þegar um er að ræða útflutningsvörur sem lúta sérstakri meðferð samkvæmt milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrimælum sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

1)L. 126/2011, 410. gr. 2)L. 147/2008, 2. gr.

Handtaka, leit og hald á munum.

156. gr. *Skoðun og rannsókn á vörum sem fluttar eru til landsins.*

Tollgæslu er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur sem fluttar eru til landsins, hvort sem um er að ræða vörur á farmskrá, póstflutning, farþegaflutning eða annað. Heimilt er að krefjast þess að vörurnar séu fluttar í húsakynni tollstjóra eða á annan tiltekinn stað þar sem tolleftirlit fer fram og þeim framvísað þar til skoðunar.

157. gr. *Leit á geymslustöðum fyrir ótollafgreiddar vörur.*

Tollgæsla skal hafa frjálstan og óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á ótollafgreiddum vörum sem geymdar eru á geymslusvæðum skv. 69. gr., svo og að öðrum húsum og stöðum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar eða hafa verið geymdar. Enn fremur er tollgæslu heimill aðgangur að atvinnuhúsnæði ef ætla má að þar séu geymdar vörur sem ekki hafa fengið löglega tollmeðferð. Skylda til að aðstoða tollgæslu og hlýða fyrimælum.

166. gr. *Skylda til að aðstoða tollgæslu.*

Ef nauðsyn ber til getur tollgæsla kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu tollgæslu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

Þeir sem kvaddir eru tollgæslu til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með tollgæsluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og tollverðir.

167. gr. *Skylda til að aðstoða við tollskoðun.*

Innflytjendum og vörsluhöfum ótollafgreiddrar vöru er skylt að aðstoða við tollskoðun með því að framvísa vöru að beiðni tollgæslu, opna töskur og aðrar umbúðir, taka upp úr þeim, loka þeim aftur að skoðun lokinni og veita alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Sinni innflytjandi eða vörsluhafi ekki skyldu sinni til að aðstoða við tollskoðun er tollstjóra heimilt að fela tollvörðum eða öðrum starfsmönnum tollstjóra að vinna verkið eða ráða menn til starfsins og innheimta hjá innflytjanda eða vörsluhafa þóknun er nemur kostnaði.

